



Fréttabréf MFÍK

mars 2012

Á döfinni hjá MFÍK

8. mars

Vorið kallar

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti.
Dagskrá í lönó kl. 17 (sjá meðfylgjandi dagskrá).

Opnir félagsfundir

Opnir félagsfundir verða 14. mars, 18. apríl og 9. maí.
Takið dagana frá.
Dagskrá auglýst síðar.

Fréttir af aðalfundi

Aðalfundur MFÍK var haldinn í Friðarhúsi við Snorrabraut þriðjudaginn 15. febrúar.

Nokkrar breytingar urðu á stjórn félagsins. Guðríður

Sigurbjörnsdóttir, sem hefur gegnt formannsembættinu síðastliðin tvö ár, gaf ekki kost á sér áfram sem formaður og var Harpa Stefánsdóttir kosin í hennar stað.

María Gunnarsdóttir, Guðrún Hannesdóttir og Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, sem hafa stjórnað og hugsað um félagið af alúð og áhuga í langan tíma, gengu úr stjórn ásamt varamönnum Dögg Árnadóttur og Írisi Ellenberger. Þökkum við þeim öllum innilega fyrir samstarfið.

Skýrslu stjórnar má lesa á heimasíðu félagsins: www.mfik.is.



Nýr formaður, Harpa Stefánsdóttir, tekur við lyklum að Friðarhúsi úr hendi Guðríðar Sigurbjörnsdóttur.

Ný stjórn og heiðursfélagar MFÍK

Núverandi stjórn:

Harpa Stefánsdóttir, formaður
Sigurlaug Gunnlaugsdóttir, varaformaður
Sigríður Gunnarsdóttir, gjaldkeri
Guðríður Sigurbjörnsdóttir, ritari
Auður Ingvarsdóttir, meðstjórnandi
Margrét Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Sigrún Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn:

Áslaug Einarisdóttir
Sigrún H. Einarisdóttir

Á aðalfundinum voru þær Margrét Guðmundsdóttir, Helga Pálsdóttir og Sigrún Gunnlaugsdóttir gerðar að heiðursfélögum MFÍK og þeim afhent heiðurskjal. Allar hafa þeir unnið ötullega og af hugsjón og óeigingirni í þágu félagsins í fjölda ára. Margrét hefur verið í stjórn félagsins undanfarin ár og Sigrún tekur nú aftur sæti í stjórn eftir nokkurra ára hlé. Því miður náðist ekki mynd af þeim heiðurskonum við þetta tækifæri.

XV. þing Alþjóðasambands lýðræðissinnaðra kvenna

Dagana 8.- 12. apríl verður XV. þing Alþjóðasambands lýðræðissinnaðra kvenna (WIDF) haldið í borginni Brasília í Brasilíu. MFÍK er aðili að Alþjóðasambandinu en í því eru 660 félög frá 160 löndum.

Yfirskrift þingsins í ár er "*Mulheres de todo o mundo construindo a paz justa, com direitos, igualdade e desenvolvimento*" sem í lauslegri þýðingu hljómar svona: „*Konur um allan heim stuðla að friði, réttindum, jafnrétti og þróun*”. Markmið þingsins er m.a. að sameina konur frá öllum heimshornum, stuðla að alþjóðlegri samstöðu og skapa sameiginlegan vettvang fyrir konur sem vinna að friði og félagslegu réttlæti.



Helstu áherslur þingsins verða:

- Heimsvaldastefna og hernám
- Krísa kapítalismans og áhrif hennar á konur
- Loftslagsbreytingar og fæðuöryggi
- Jafnrétti, þróun og friður fyrir konur
- Menningar- og þjóðernisleg fjölbreytni

Fulltrúar MFÍK á þinginu verða Harpa Stefánsdóttir og Sigurlaug Gunnarsdóttir og munu þær segja frá ferðinni á félagsfundi þann 9. maí.

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti 8. mars

Dagskrá í Iðnó kl. 17:00

Vorið kallar

Fundarstjóri: Kolbrún Halldórsdóttir

Ávörp:

Claudia Ashonie: Menntun kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og atvinna að námi loknu

Védís Guðjónsdóttir: Saman eða sundur

Sigríður Rut Hilmarsdóttir: Vinna með barnalýðræði

Steinunn Þóra Árnadóttir: Kjósum burt NATÓ!

Soumia Islami: Barátta kvenna í „arabíska vorinu“

*Guðrún Jónsdóttir: „Og þær lifðu hamingjusamar til æviloka.“
Umfjöllun um vændi og Kristínarhús*

Guðrún Hannesdóttir: Mennska

Magga Stína syngur við undirleik Kristins Árnasonar

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK, BHM - Bandalag háskólamanna, BSRB - Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Félag leikskólakennara, Félagsráðgjafafélag Íslands, Friðarhús, Íslandsdeild Amnesty International, Kennarasamband Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennahreyfing Öryrkjabandalags Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Samstarfshópur friðarhreyfinga, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Samtök um Kvennaathvarf, SFR- stéttarfélag í almannajónustu, SHA - Samtök hernaðarandstæðinga, Sjúkraliðafélag Íslands, St.Rv. – Starfsmannafélag Reykjavíkur, Söguhringur kvenna, Þroskaþjálfafélag Íslands.